

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á deiliskipulagi:

*Víkurgata 4-29, breyting á deiliskipulagi Urriðaholts, vesturhluta.*

Breytingin gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum: Grunnflötur byggingarreits án bílgeymslu í húsagerð E3 stækkar úr 100 m<sup>2</sup> í 120 m<sup>2</sup>. Hæðafjöldi breytist í „2 hæðir“ úr „2-3 hæðir“ í húsagerð E3. Hámarkshæð lækkar um 3 metra. Húsagerð á lóðum Víkurgötu 19 og 21 breytist úr húsagerð E1b í E1a. Viðmiðunarbyggingarmagn minnkar. Ákvæði um að heimilt sé að fylgja skilmálum fyrir húsagerð 11b á lóðum með húsagerð E1a er felld út gildi. Kennisnið E1a, E1c og E4 eru óbreytt.

*Suðurhraun 1-3, breyting á deiliskipulagi Molduhrauns.*

Breytingin gerir ráð því að grunnflötur húss geti orðið allt að 60% af stærð lóðar í stað 40% og að nýtingarhlutfall geti orðið allt að 1 í stað 0,6. Ennfremur er gert ráð fyrir breytingu á grein 2.3. í skilmálum þannig að hægt sé að veita byggingarleyfi fyrir færri bílastæðum á lóð en skilmálar miða við ef sýnt sé fram á hvernig bregðast megi við ef aðstæður breytast sem kalla á fleiri stæði (t.d. með bílastæðahúsi innan byggingarreits).

*Lindarflöt 47, óveruleg breyting á deiliskipulagi Flata.*

Breytingin gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits um 23,2 m<sup>2</sup> til vesturs.

*Rjúpnahæð 13, óveruleg breyting á deiliskipulagi Bæjargils, síðari áfanga (Hæða).*

Breytingin gerir ráð fyrir byggingarreit í norðurhorni lóðar fyrir einnar hæðar smáhýsi undir háum stoðvegg.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

*Garðabæ, 23. janúar 2018.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 24. janúar 2018